



# Velkomin í 5 ára bekk



Skóli Ísaks Jónssonar  
isaksskoli@isaksskoli.is  
553 - 2590

# Námsáherslur og námsefni

## Meginmarkmið:

- ✓ Virðing fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu
- ✓ Vönduð vinnubrögð
- ✓ Markviss hljóðainnlögn
- ✓ Að læra að vera í skóla
- ✓ Tölurnar 0-20 og ýmis stærðfræðihugtök
- ✓ Söngur
- ✓ Vellíðan

## Íslenska:

- ✓ Stafir kenndir með hljóðaaðferð
- ✓ Skrift þjálfuð
- ✓ Markviss málörvun
- 📖 Stafaspjöld og vinnubækur; Listin að lesa og skrifa 1-4



## Stærðfræði:


- ✓ Tölurnar 0-20
- ✓ Ýmis stærðfræðihugtök, s.s. fjöldi, form, mynstur og samlagning
- 📖 Verkefnablöð og fjölrituð hefti

## Átthagafraði:

- ✓ Ýmis verkefni sem tengjast barninu sjálfu, tímatali og náttúrunni.

## Aðrar námsgreinar:

- ✓ enska
- ✓ íþróttir
- ✓ heimilisfræði





## Þættir sem huga þarf að við skólagöngu barna ykkar

1. **Stundvísi** er mjög mikilvæg. Það er erfitt fyrir barnið að koma of seint inn í skólastofuna auk þess sem það truflar kennsluna hjá börnum sem eru mætt. Skóladagurinn er frá kl. 8:30 til kl. 13:20.
2. **Aukaföt.** Allir koma með aukaföt í upphafi skólaárs. Börnin fá poka undir fötin sem hanga á snögunum þeirra. Mikilvægt er að kíkja reglulega í aukafatapokann og bæta við því sem vantar.
3. **Hlífðarfatnaður.** Barnið þarf að hafa viðeigandi hlífðarfatnað alla daga. Á föstudögum er allt tekið heim úr hólfi barnsins.
4. **Vatnsbrúsi.** Barnið á að hafa með sér vatn í brúsa. Það er hressandi að fá sér vatnssopa eftir frímínútur, leikfimi, með nesti og hádegismat. Það er mjög mikilvægt að fylla brúsann heima, því það tekur mikinn tíma frá almennu skólastarfi að sinna þessu í skólanum.
5. **Leikfimiskór.** Barnið þarf að eiga tátíljur eða sokka með gúmmíi undir (t.d. rush sokka) til að nota í leikfimi. Þetta verður geymt í skólanum og skilað heim í vor. Mikilvægt er að merkja tátíljurnar/sokkana eins og allan fatnað barnsins.
6. **Nesti.** Börnin koma með ávexti, grænmeti, þurrkaða ávexti og ávaxta- og/eða grænmetisskvísu í morgunhressingu (engar undantekningar).
7. **Fjarvistir** og veikindi skal tilkynna til skólans eins fljótt og auðið er. Alltaf þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda.
8. **Afmæli.** Það er ágætis regla að bjóða annað hvort bara stelpum eða bara stráku eða hafa allan hópinn saman. Að halda upp á afmæli er engin skylda. Oft hafa foreldrar barna sem eiga afmæli í sama mánuðinum sameinast um afmælishald.
9. **Söngur** er stór og mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Börnin syngja með kennurum í skólastofunni en einnig á sal með öðrum nemendum skólans í söngstundum. Foreldrar eru velkomnir í söngstund á föstudagsmorgnum kl. 08:30. Mikilvægt er að foreldrar kveðji börnin áður en söngstund hefst þar sem ekki er rými til að kveðja í salnum.
10. **Sólbrekka.** Lengd viðvera er frá kl. 7:30 til 8:30 og frá kl. 13:20 til 17:00 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:15 á föstudögum. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu skólans.



## Almennt skipulag:

- ✓ Foreldrakynning verður mánudaginn 28. ágúst, kl. 17:30, í sal skólans.
- ✓ Skóli hefst þriðjudaginn 29. ágúst, kl. 8:30.  
Börnin mæta í röðina sína úti á skólalóð og kveðja foreldra sína þar.



Fyrstu skóladagarnir verða nýttir til að læra gildi og reglur skólans inni og úti. Börnin kynnast því hvernig það er að vera í skóla og við æfum okkur að ganga í röð, fara í frímínútur, hvernig við göngum um og frá dótinu okkar o.s.frv.

*Við hlökkum til góðs samstarfs í vetur!*

*5 ára teymið*

<b>5 ára BVK</b>	Björg Vigfúsína Kjartansdóttir (Lilla)	<a href="mailto:lilla@isaksskoli.is">lilla@isaksskoli.is</a>
<b>5 ára HEH</b>	Hafrún Erna Haraldsdóttir	<a href="mailto:hafrun.erna@isaksskoli.is">hafrun.erna@isaksskoli.is</a>
<b>5 ára BP</b>	Hanna Guðný Ottósdóttir	<a href="mailto:hannagudny@isaksskoli.is">hannagudny@isaksskoli.is</a>
<b>5 ára SÁR</b>	Sólveig Árný Róbertsdóttir	<a href="mailto:solveig.arny@isaksskoli.is">solveig.arny@isaksskoli.is</a>

